

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Þýs103 Kennsluáætlun haustannar 2012	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Anna María Steinke Wolfgang Frosti Sahr	Sk.st.	AMS WFS
----------------	--	---------------	------------

Áfangalýsing: Byrjunaráfangi. Kynnt verða nokkur meginatriði um þýskumælandi lönd og þeirra samskipti við Ísland. Skyldleiki þýsku og íslensku er skoðaður t.d. í orðmyndun. Unnið verður með einfalda texta sem tengjast daglegu lífi og störfum nemenda. Lögð verður áhersla á markvissa og reglulega uppbyggingu orðaforðans. Þau málfræðiatríði sem tengjast myndun einfaldra setninga og spurninga verða kynnt, þar sem þess gefst kostur í tengslum við tjáningaræfingar. Þar sem seinni áfangar byggja á þessum grunni er mikilvægt að treysta undirstöðurnar með endurteknu námi þar sem mikilvægustu atriðin eru sífellt rifjuð upp. Lögð verður áhersla á að nemendur tileinki sér virka hlustun, skilji einföldustu fyrirmæli kennarans á þýsku og geti tjáð sig á einfaldan máta bæði munnlega og skriflega.

Markmið: Kennslufnið samanstendur af almennum orðaforða. Kennslan stefnir að því að gera nemendur sem fyrst sjálfbjarga á þýskri tungu og gefa þeim góðan grunn í þýskri málfræði. Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér orðaforða og séu eftir þennan áfanga færir um að þýða stutta lestexta án orðabókar, geti tjáð sig skriflega um eigin hagi og að hafi auk þess náð tökum á

- notkun ákveðins og óákveðins greinis sem og neitunarorða “nicht” og “kein”
- persónufornöfnum og eignafornöfnum
- sagnbeygingum veikra og nokkurrar sterkra sagna í nútíð
- fallstjórn sagna: nefnifall, þolfall og nokkrar sagnir sem stýra þágufalli
- þremur forsetningum sem stýra tveimur föllum

Námsgögn:	málfræði	Þýska fyrir þig	Reykjavík	Mál og menning	2001
	lesbók	Þýska fyrir þig 1	Reykjavík	Mál og menning	2001
	vinnubók	Þýska fyrir þig 1	Reykjavík	Mál og menning	2001
	orðabók	Steinar Matthíasson	Reykjavík	IDNÚ	2004
	ítarefni	Þýs103	Akureyri	skrifstofa VMA	2012

Námsmat og vægi námsþátta:

- 50% **Skriflegt lokapróf:** Þýðingar í samræmi við lesbókatekta (ólesnar), ritun í samræmi við ítarefnið, málnotkun (sbr. markmiðslýsingu). Prófið er tekið án orðabókar.
- 10% **Stöðupróf:** sbr. skriflegt lokapróf. Missi nemandi af stöðuprófi hækkar vægi lokaprófsins um 10%.
- 10% **Ritun:** Tímaverkefni sem má leysa með orðabók – málnotkun og tjáning um eigin hagi. Missi nemandi af rituninni hækkar vægi lokaprófsins um 10%.
- 10% **Samtal:** Lestur texta úr lesbókinni (2,5%) og spurningar/svör á þýsku um hagi nemenda og daglegt líf (7,5%). Mæti nem. ekki í úhlutaðan próftíma þarf hann að leggja fyrir vottorð ellegar verður einkunn hans í þessum námsmatsþætti að engu. Sjúkrapróf er á síðasta kennsludegi annarinnar eftir kennslu.
- 10% **Hlustun:** Nokkrum sinnum á önn verða hlustunaræfingar. Nem. fá verkefni sem taka á skilningi upplesturs. Nem. sem ekki mætir í hlustunarpróf þarf að leggja fyrir vottorð ellegar verður einkunn hans í þessum námsmatsþætti að engu. Sjúkrapróf er á síðasta kennsludegi annarinnar eftir kennslu.
- 10% **Vinnueinkunn:** Kennari fylgist með þátttöku í kennsluumræðunni (5%) og metur án frekari auglýsingar gerð heimavinnu (3%) sem og úrlausnir ítarefnis og ýmissa verkefna (2%).

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Þýs103 Kennsluáætlun haustannar 2012	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2		

Áætlun um yfirferð:

vika	dagsetning	atburðir	yfirferð	námsmat
34	20.08.-24.08.		kaflí 1	
35	27.08.-31.08.		kaflí 1	
36	03.09.-07.09.		kaflí 2	
37	10.09.-14.09.		kaflí 2	ritun
38	17.09.-21.09.		kaflí 3	
39	24.09.-28.09.		kaflí 3	stöðupróf
40	01.10.-05.10.		kaflí 4	
41	08.10.-12.10.	11.10. miðannarmat	kaflí 4	
42	15.10.-19.10.		kaflí 5	
43	22.10.-26.10.		kaflí 5	
44	29.10.-02.11.	29.10. Helgi magri	kaflí 6	hlustun
45	05.11.-09.11.		kaflí 7	
46	12.11.-16.11.		kaflí 7	samtal
47	19.11.-23.11.		kaflí 8	
48	26.11.-30.11.		kaflí 8	sjúkrapróf

réttur áskilinn til breytinga

Ábending: Mætingarskylda er 80% - lakari mæting jafngildir úrsögn úr áfanganum. Notkun fartölva er ekki heimil í áfanganum. Nemendum er bent á skólaþreglurnar VMA. Endurtekin mæting án viðhlítandi námsgagna varðar brottrekstur úr tíma.

Dagsetning: 17.08.2012

Undirritun kennara

Undirritun brautarstjóra, fagstjóra eða staðgengils